

Nr. 001 / 08 Hringur SH 153***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2685
Smíðaður: Skotlandi 1997, stál
Stærð: 271,61 brl. 481,27 bt.
Mesta lengd: 28,99 m Skráð lengd: 25 m
Breidd: 9,3 m Dýpt: 7,5 m
Vél: M.A.K 745 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 10

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS



Hringur©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. maí 2008 af Inga Tryggvasyni, Pálma Jónssyni, Agnari Erlingssyni og Hilmari Snorrasynti

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. október 2007 var Hringur SH 153 á togveiðum út af Blakk. Veður: A 14-17 m/s, rigning og ölduhæð um 3 metrar.

Skipverjar voru að taka trollið og hafði einn þeirra lásað leiðaranum í dauðalegginn sem hékk í sleppikrók á stjórnborðstoghlernum. Hann ætlaði síðan að taka splittið úr sleppikróknum til að sleppa niður dauðaleggnum og leiðaranum. En þá var híft í leiðarann svo hann slóst í hægri handlegg skipverjans. Hann varð óvinnufær og leitaði til læknis þegar komið var til hafnar daginn eftir.

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnbúnaður grandaraspilanna var aftarlega í stjórnborðsgangi trollþilfarsins og hefur spilmaður góða sýn á vinnusvæði bakborðshlera en stoð skyggir á fulla sýn á vinnusvæði stjórnborðshlera;
- að slasaði sagði að engar merkjagjafir væru gefnar þegar hífa má í leiðarann heldur gæfi fall dauðaleggsins úr sleppikróknum það til kynna;
- að búið var að sleppa niður dauðaleggnum á bakborðshleranum en ekki stjórnborðsmegin;
- að sögn slasaða hafði hann farið nokkra afleysingaferðir á skipinu en áður var hann á línuskipum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að híft var of snemma.